

Alþingi
Erindi nr. P 136/1483
komudagur 26.3.2009



Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Austurvegur 64 800 Selfoss
Sími: 530 4800 - Fax: 530 4801
mast@mast.is www.mast.is

Selfoss, 23. mars 2009
Tilvísun: Mast09030066/20.3

Efni: Umsögn vegna þingsályktunartillögu um setningu reglna um hámarksmagn transfitusýra í matvælum.

Með vísan er til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 6.mars s.l., þskj. 45 – mál 45, gefur Matvælastofnun (MAST) svohljóðandi umsögn.

Framkomin tillaga er í samræmi við þá vinnu sem unnin hefur verið innan Borgara- og neytendanefndar og Velferðarnefndar Norrænu ráðherranefndarinnar. Á fundi þessara nefnda þann 24. september 2008 var samþykkt að beina eftirfarandi tilmælum til ráðherranefndarinnar:

- Að hin ríkin í Norðurlandaráði fylgi fordæmi Danmerkur og takmarki skaðlega transfitusýru í matvælum við tvö af hverjum 100 grömmum af fitu í unnum matvælum.
- Að lagabreytingar sem kveða á um að takmarka magn transfitusýru við 2 grömm af hverjum 100 grömmum af fitu í matvælum gangi í gildi eigi síðar en fimm árum eftir samþykkt þessara tilmæla.
- Að norrænu ESB/EES-ríkin beiti sér fyrir að fordæmi Danmerkur verði rætt innan vébanda ESB/EES, sem geti leitt til að aðildarríki ESB/EES breyti lögum þess efnis að magn transfitusýru verði eigi meira en tvö af hverjum 100 grömmum af fitu í unnum matvælum.

Á fundi Norrænu embættismannanefndarinnar um matvæli (EK-FJLS (lív)) sem haldinn var hér á landi 19. og 20. mars s.l., var málefnið til umfjöllunar og var ákveðið að nefndin myndi vinna frekar að málinu og að hún myndi safna upplýsingum um stöðu mála. Voru fulltrúar landanna því beðnir um að senda upplýsingar til skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar um hver afstaða þeirra væri til ofangreindra tilmæla og hvernig brugðist yrði við þeim, þ.e. hvort löndin hygðust fara eftir tilmælunum eður ei. Frestur til að skila tillögum í málinu er 1. apríl 2009.

Á Íslandi hafa nýlegar niðurstöður mælinga á transfitusýrum í matvælum sýnt að almennt hefur dregið stórlega úr magni transfitusýra í matvælum frá því sem fyrri mælingar sýndu. Ítarlegri mælingar og kannanir vantar þó til að meta hvaða afleiðingar fyrirbyggjandi þingsályktunartillaga hefði á vöruúrval hér á landi og þá m.a. á innflutning matvæla.

Spurningin er m.a. hvort sama markmiði um lækun transfitúsýra í unnum matvælum má ná fram með fræðslu gagnvart matvælaframleiðendum og þeim sem stunda viðskipti með matvæli í stað lagasetningar um hámarksmagn transfitúsýra.

Áður en tekin er afstaða um hvort takmarka eigi notkun transfitúsýra með þeim hætti sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir telur MAST nauðsynlegt að ljúka þeirri vinnu sem hafin er innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar og að beðið verði eftir afstöðu Norðurlandanna. Hluti þeirrar vinnu er fólgin í nánari rannsóknum héraendis, sem m.a. felast í mati á neyslu á transfitúsýrum héraendis sem og að kortleggja afleiðingar af hugsanlegu takmörkunum á notkun á sýrunum.

F.h. Matvælastofnunar,



Viktor S. Pálsson,
forstöðumaður stjórnsýslusviðs